

**Ed.**

**373. Nefndarátt**

um frumvarp til laga um sandgræðslu (þingskj. 307).

Frumvarp þetta var af stjórninni lagt fyrir háttv. Nd. og er komið þaðan hingað í deildina.

Við meðferð málsins í neðri deild hefir það tekið nokkrum breytingum.

Nefndin er stjórninni samdóma um að þörf sje á lögum í þessu efni og hún er líka á sama máli og nefnd sú, er háttv. Nd. skipaði til að íhuga málið, að ákvæði frumv. um sandgræðsluna sjeu hagkvæm.

Af þessum ástæðum leyfir nefndin sjer að leggja til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 5. ágúst 1914.

Sigurður Stefánsson  
formaður.

Jósef J. Björnsson  
skrifari og framsögum.

Steingrímur Jónsson.